

**Ed.**

**409. Frumvarp til laga**

[14. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;  
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;  
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;  
eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
- c. er lögráður;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

12. gr. hljóðar svo:

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 18 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;  
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
- c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

16. gr. hljóðar svo:

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði;  
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 24 mánuði;
- c. er lögráður;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.